

**UPPHÉRAÐSVEGUR**  
**Fellabær - Ekkjufell**  
Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri  
Ágúst 2006 – leiðrétt útgáfa

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>YFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA.....	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR .....	2
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR.....	3
1.6	SKIPULAG.....	3
1.7	LEYFISVEITENDUR .....	3
1.8	RANNSÓKNIR.....	3
<b>2</b>	<b>STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI</b> .....	<b>4</b>
2.1	STAÐHÆTTIR.....	4
2.2	NÚVERANDI VEGUR.....	4
<b>3</b>	<b>FRAMKVÆMDALÝSING</b> .....	<b>5</b>
3.1	VEGUR .....	5
3.2	EFNISÞÖRF .....	5
3.3	FRÁGANGUR.....	6
3.4	VINNUBÚÐIR .....	6
3.5	REKSTUR.....	6
<b>4</b>	<b>ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM</b> .....	<b>7</b>
4.1	VEGAGERÐ .....	7
4.2	EFNISTAKA.....	7
<b>5</b>	<b>LÝSING Á STAÐHÁTTUM</b> .....	<b>8</b>
5.1	LANDSLAG.....	8
5.2	SKIPULAG.....	8
5.3	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN.....	8
5.4	JARÐMYNDANIR OG VATN .....	9
5.5	GRÓÐURFAR OG FUGLAR.....	9
5.6	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	9
5.7	MENNINGARMINJAR .....	9
<b>6</b>	<b>AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA</b> .....	<b>10</b>
<b>7</b>	<b>NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>11</b>
<b>8</b>	<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>12</b>
<b>9</b>	<b>TEIKNINGAR</b> .....	<b>12</b>
<b>10</b>	<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>12</b>

# 1 YFIRLIT

## 1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að breyta legu Upphéraðsvegur (vegnúmer 931) á milli Fellabæjar og Ekkjufells. Nýr vegur verður lagður á um 1,6 km löngum kafla og mun tenging við Hringveg (vegnúmer 1) vera 230 m norðar en núverandi tenging. Breytingin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fellahrepps [nú Fljótsdalshérað].

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd Fljótsdalshéraðs, Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2006 og ljúki á næsta ári.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en að með henni muni umferðaröryggi aukast á þessum kafla.

## 1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdar er að auka umferðaröryggi á Upphéraðsvegi og tryggja greiðari samgöngur. Vegurinn verður 7,5 m breiður með bundnu slitlagi. Hönnunarhraði verður 80-90 km/klst.

## 1.3 MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matsskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 1. viðauka lið 10ii því nýlagning vega nær ekki 10 km og efnistaka er undir viðmiðunarmörkum.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 2. tl.10.c vegna þess að hér er um tengibraut í þéttbýli að ræða en framkvæmdin liggur einnig að hluta um svæði á Náttúruminjaskrá, sjá kafla 5.6.

## 1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Fellabær og Fljótsdalur norðan Lagarfljóts. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í Fljótsdalshéraði.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu og efnistöku. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði er sýnt á teikningu 1.

## 1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSADILAR

Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur og ábúendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
  - **Fellabær:** Fljótsdalshérað
  - **Helgafell:** Helgi Gíslason
  - **Skipalækur:** Baldur Grétarsson
  - **Ekkjufell:** Sigrún Brynjólfsdóttir  
Einar Kristján Jónsson f.h. golfklúbbs
- **Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs** varðandi framkvæmdarleyfi.
- **Skipulagsstofnun** vegna könnunar á matsskyldu
- **Síminn** vegna jarðsíma á svæðinu.
- **RARIK** vegna loftlínu sem liggur yfir vegstæði
- **Hitaveitaveita Egilsstaða og Fella** vegna vatnslagnar

## 1.6 SKIPULAG

Veglína er samkvæmt núgildandi Aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 [nú Fljótsdalshérað]. Upphéraðsvegur færir samkvæmt því til norðurs frá því sem er í dag.

Samkvæmt sama skipulagi færir Hringvegur til vesturs frá því sem nú er og þverar nýjan kafla á Upphéraðsvegi í stöð 200. Verið er að vinna í endurskoðun Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum sem gætu haft áhrif á Upphéraðsveg á þessum stað.

## 1.7 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Fljótsdalshéraðs.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

## 1.8 RANNSÓKNIR

Vegagerðin hefur gert rannsóknir á efni í skeringum og jarðvegsdýpt. Veglínin hefur verið þversniðsmæld. Fornleifafræðingur hefur kannað hvort minjar séu á framkvæmdasvæðinu. Ekki er talin þörf á frekari rannsóknum.

## 2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

### 2.1 STADHÆTTIR

Fyrirhuguð framkvæmd er á Upphéraðsvegi norðan við Lagarfljót, frá Hringvegi í Fellabæ og inn fyrir heimreið að Ekkjufelli. Veglína liggur um iðnaðarhverfi í Fellabæ, yfir framræst tún í löndum Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells og meðfram klapparholumi inn á núverandi veg við afleggjara að Ekkjufelli.

### 2.2 NÚVERANDI VEGUR

Upphéraðsvegur er tengivegur. Vegsvæði hans eru 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Upphéraðsvegur er samtals um 55 km að lengd. Framkvæmdin nær til 1,6 km langrar nýbyggingar á veginum.



**Mynd 1.** Horft til norðausturs eftir Upphéraðsvegi, í átt að Fellabæ. Á myndinni sést blindhæð rétt við afleggjara að Ekkjufelli.

Upphéraðsvegur liggur til suðvesturs frá Hringvegi í Fellabæ, um 210 m norðan Lagarfljótsbrúar, umhverfis Lagarfljót, í gegn um Hallormsstaðaskóg og tengist aftur Hringvegi sunnan fljóts, um 11 km suðvestan við Egilsstaði. Á núverandi vegi er blindhæð, um 180 m norðaustan við afleggjarann að Ekkjufelli. Blindhæðin mun hverfa við framkvæmdina.

Ársmargsumferð á Upphéraðsvegi á þessum kafla var 128 bílar á dag árið 2005. Framreiknuð umferð árið 2025, 20 árum seinna, er 149 bílar á dag. Hlutfall þungra bifreiða hefur ekki verið metið.

## 3 FRAMKVÆMDALÝSING

### 3.1 VEGUR

Framkvæmdakaflinn liggur frá stöð 0, um 530 m. norðan við Lagarfljótsbrú, að stöð 1625, um 150 m vestan við afleggjara að Ekkjufelli. Framkvæmdasvæðið er nær allt utan núverandi vegsvæðis.

Reiknað er með að framkvæmdasvæðið verði að jafnaði um 12-20 m breitt. Breiddin fer eftir hæð fyllinga og dýpt vegskeringa og er mest í núverandi veg austan við Ekkjufell.

Vegurinn verður að miklu leiti lagður á fyllingu en nokkur skering verður meðfram veginum vestan við Ekkjufell.

Vegurinn verður af vegtegund C1, sem er 7,5 m breiður vegur með 7,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 80-90 km/klst.

Tenging Upphéraðsvegar við Hringveg færir um 320 m til norðurs og liggur ný veglína 315-400 m norðan við núverand veg á um 900 m löngum kafla. Halli í vegköntum á fyllingum verður 1:1,75-2,5. Gert er ráð fyrir að reiðvegur þveri Upphéraðsveg rétt við stöð 920.

Ekki er gert ráð fyrir miklum töfum vegna framkvæmda nema þegar nýr vegur er tengdur við núverandi veg. Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla.

### 3.2 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf vegna verksins er um 23.150 m<sup>3</sup> sem verður fengið að hluta til úr bergskeringum en gert er ráð fyrir því að verktaki sjái um að útvega annað efni. Reiknað er með 16.300 m<sup>3</sup> í fyllingar og fláafleyga, 9.300 m<sup>3</sup> í efra burðarlag, 2.600 m<sup>3</sup> af neðra burðarlagsefni og 350 m<sup>3</sup> af efni í klæðingu. Efni úr skeringum er um 11.100 m<sup>3</sup>. Magntölur geta breyst lítillega við lokahönnun.

Tafla 1. Efnisþörf

	<i>magn (m<sup>3</sup>)</i>
Klæðing	350
Efra burðarlagsefni	2.600
Neðra burðarlagsefni	9.300
Fyllingar og fláafleygar	16.300
<b>Samtals</b>	<b>28.550</b>

**Tafla 2.** Efnistaka

	<i>Klæðing (m<sup>3</sup>)</i>	<i>Efra Burðarlag (m<sup>3</sup>)</i>	<i>Neðra burðarlag (m<sup>3</sup>)</i>	<i>Fyllingar og fláafleygar (m<sup>3</sup>)</i>	<i>Samtals (m<sup>3</sup>)</i>
Skeringar				11.100	11.100
Efni úr námum	350	2.600	9.300	5.200	17.450
<b>Samtals</b>	<b>350</b>	<b>2.600</b>	<b>9.300</b>	<b>16.300</b>	<b>28.550</b>

### Skeringar

Stærstu skeringarnar eru í klapparás á milli stöðva 1060 og 1180 og í núverandi veg á milli stöðva 1350 og 1500. Minni skeringar eru í stöðvum 120 - 160 og 630 - 660. Gert er ráð fyrir að nota efnið í fyllingar og fláafleyga.

### Námur

Gert er ráð fyrir að verktaki muni sjá um að útvega annað efni en það sem kemur úr skeringum. Í dag er efnistaka úr námum í Selhöfða og Eyvindará og er bent á þær námur sem möguleika fyrir verktaka. Verktaka er annars frjálst að taka efni á þeim stað sem hentar best að því tilskildu að efni uppfylli þær kröfur sem um það er gert og að öll leyfi fyrir efnistöku séu til staðar.

## 3.3 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

## 3.4 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

## 3.5 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

## 4 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

### 4.1 VEGAGERÐ

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

### 4.2 EFNISTAKA

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

Umhverfisáhrif vegna efnistöku þessarar framkvæmdar eru óveruleg. Efnistaka er lítil og námurnar eru þegar opnar.



## 5 LÝSING Á STAÐHÁTTUM

### 5.1 LANDSLAG

Vegurinn á þessum kafla liggur norðan við Lagarfljót, til vesturs meðfram fljótinu frá Fellabæ. Veglína færirst fjær Lagarfljóti frá því sem hún er í dag. Veglína liggur í gegn um iðnaðarkverfi í Fellabæ á um 250 m kafla. Þaðan liggur hún yfir framræst tún frá stöð 280 til 1100. Fyrsti hluti túnanna við Fellabæ eru ekki nýtt sem slík sem stendur en búið er að planta víðiplöntum í limgerði meðfram skurðum. Frá stöð 1060 liggur veglína meðfram klapparholti og verða skeringar í það vinstra megin við veg sem og í núverandi veg. Veglína liggur inn á núverandi veg um það bil í stöð 1450.

#### Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag þar sem ný veglína liggur yfir tún og skeringar verða í klappir á kafla. Landinu hefur þegar verið raskað að miklu leiti með landbúnaði á þessu svæði og það er alveg við þéttbýlið í Fellabæ. Skeringar verða í klettaása en þeir eru einkennandi fyrir svæðið, sjá kafla 5.6, svæði á náttúruminjaskrá.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. Sáð verður í vegfláa eftir því sem við á. Reiknað er með að vegfláar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt.

### 5.2 SKIPULAG

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 færirst kaflinn frá Fellabæ að Ekkjufelli á Upphéraðsvegi til norðurs og Hringvegur færirst til vesturs frá því sem nú er. Verið er að endurskoða Aðalskipulag Fljótaldalshéraðs.

#### Áhrif á skipulag

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag og er gert ráð fyrir að það muni ekki breytast gagnvart veginum í yfirstandandi endurskoðun. Vegagerðin telur mögulegt að lega Lagarfljótsbrúar á Hringvegi gæti breyst frá núgildandi skipulagi þegar farið verður í endurbyggingu hennar, sem gæti aftur haft áhrif á tengingar við Upphéraðsveg.

### 5.3 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin er í landi Fljótaldalshéraðs, Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells. Golfvöllur er í landi Ekkjufells. Tún eru í löndum Skipalækjar og Helgafells.

Rafmagnslína liggur yfir vegstæði í námunda við stöðvar 300 og 1050.

Jarðsími liggur meðfram skurði í kring um stöð 1100.

Vatnslögn er í stöð 470.

#### Áhrif á landnotkun

Vegfarendur á þessum kafla Upphéraðsvegar munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Einnig munu vegfarendur á Hringvegi og hluti íbúa í Fellabæ verða varir við framkvæmdina.

Vegurinn mun hafa áhrif á landnotkun í löndum Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells vegna skerðingar á þeim og þar sem vegurinn skiptir túnunum upp. Huga þarf að símastreng, vatnslögn og loftlínur sem eru á vegsvæði.

Landeigendur Helgafells og Skipalækjar hafa komið með ábendingar til Vegagerðarinnar um að þeir hafi gert athugasemdir vegna legu Upphéraðsvegar við gerð gildandi Aðalskipulag og við endurskoðun þess sem nú er í gangi.

## 5.4 JARÐMYNDANIR OG VATN

Á framkvæmdasvæðinu eru klettaásar sem eru einkennandi fyrir svæðið. Engar aðrar sérstakar jarðmyndanir eru þekktar á framkvæmdasvæðinu. Vegurinn liggur um framræst tún og er nokkuð vatn í skurðum.

### Áhrif á jarðmyndanir og vatn

Skeringar verða í klettaása sem eru einkennandi fyrir svæðið, sjá kafla 5.6, svæði á náttúruminjaskrá. Skeringum í klettaásana er haldið í lágmarki.

Ræsi verða sett í skurði og álítur Vegagerðin að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

## 5.5 GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Tún, bæði ónotuð og í rækt, munu skerðast vegna framkvæmdarinnar. Fyrir utan klapparása er landið algróið en raskað vegna landbúnaðar. Túnin eru framræst og hafa verið mýrar áður og er djúpt á fast á þessu svæði.

### Áhrif á gróðurfar

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg fyrir utan skerðingu á því svæði sem fer undir veg. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á grunnvatnsstöðu á svæðinu þannig að gróður utan vegsvæðis ætti að haldast óbreyttur

### Áhrif á fugla

Á þessu svæði er nokkuð um fugl. Framkvæmdin mun skerða búsvæði fugla sem nemur því svæði sem fer undir veglínu. Framkvæmdin getur einnig haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

## 5.6 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Framkvæmdin er að hluta til á einu svæði á náttúruminjaskrá:

**Fell, Fellahreppi [nú Fljótsdalshérað], N-Múlasýslu.** (1) Til austurs markast svæðið af Lagarfljóti frá nesi á móts við bæinn Kross að tanga sunnan Skipalækjar, þaðan í suðurenda Urriðavatns og með þjóðvegi norður að Rangá. Að norðan og vestan ráða Rangá og Svínalækur að 170 m hæðapunkti vestan Nónáss, þaðan um suðurenda Krókvatns yfir þjóðveg á milli bæjanna Setbergs og Birnufells að Lagarfljóti og þaðan eftir Lagarfljótsbakka að upphafspunkti. (2) Afar sérkennilegt landslag, sem einkennist af fellum og klettaásam með mýrarsundum og vötnum á milli. Mikill og fjölbreyttur gróður og fjölbreytt fuglalíf. Merkar söguminjar. Útivistarsvæði í nánd við þéttbýli.

### Áhrif svæði á Náttúruminjaskrá

Lítilsháttar skeringar verða í klettaása sem eru taldir sérkennandi fyrir landslag svæðisins. Áhrif á ásýnd landslags eru á mjög takmörkuðu svæði nálægt þéttbýlinu í Fellabæ.

## 5.7 MENNINGARMINJAR

Minjavörður Austurlands hefur kannað svæðið. Engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar eru í vegsvæðinu eða nágrenni þess. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

### Áhrif á fornminjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, sbr. 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

## 6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft þar sem það er mögulegt. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verktíma nema að námu.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það landeigendur.
- Landeigendum verða greiddar landbætur vegna skerðingar á landi.
- Svæðið verður jafnað í lok verks og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni þar sem við á.

## 7 NIÐURSTAÐA

- Við framkvæmdina verður byggður nýr vegur á um 1,6 km löngum kafla og veglína Upphéraðsvegar færð til.
- Gert er ráð fyrir því að verktaki muni sjá um að útvega annað efni en það sem kemur úr vegskeringum á vegsvæði.
- Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag á svæðinu.
- Vegurinn er tengibraut í þéttbýli Fellabæjar.
- Framkvæmdin er að hluta til á svæði á Náttúruminjaskrá.
- Kanna þarf mattskyldu framkvæmdar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Skeringum í klapparása verður haldið í lágmarki.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru nokkur og felast í bættum og öruggari samgöngum vegna betri vegar og bættrar legu hans.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði lítil en þó munu tún og búsvæði fugla skerðast sem nemur því svæði sem fer undir veg. Sár í landinu vegna framkvæmdanna verða grædd upp.

## 8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruvinnuskýrsla, febrúar 2006: Heimasíða Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/Naturuvernd/Naturuminjaskra/>.
3. Aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012

## 9 TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2006): Yfirlitskort
- Teikning 2. Hönnun/Vegagerðin, (2006): Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:4000.
- Teikning 3. Vegagerðin, (2006): Vegir skv. skipulagi, mkv. 1:4000

## 10 Viðaukar

- Viðauki 1: Bréf frá Minjaverði Austurlands, dags 10. ágúst 2004